

## Nd. 55. Frumvarp til stjórnarskipunarlags

um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Haraldur Guðmundsson.

### 1. gr.

26. grein stjórnarskrárinnar hljóði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 54 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

- a. 8 þingmenn í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.
- b. 8 þingmenn í kaupstöðum utan Reykjavíkur, þeim sem nú eru, einn fyrir hvern kaupstað.
- c. 27 þingmenn í þeim einmennings- og tvímenning kjördæmum, sem nú eru, öðrum en kaupstöðum. Skal kosning vera hlutbundin í tvímenningkjördæmum og jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt.

Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

- d. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Rétt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur flokks, sem nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að kosningu lokinni. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

### 2. gr.

#### Ákvæði um stundarsakir.

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

### Greinargerð.

Árið 1934 var síðast gerð breyting á ákvæðum stjórnarskipunarlaganna og almennra laga um kosningar til Alþingis. Var þá jafnframt bundin í stjórnarskipunarlögum hámarkstala alþingismanna og eins kjördæmaskiptingin. En höfuðtilgangur þeirrar breytingar var sá, að þingflokkar skyldu hafa þingsæti „í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar“, eins og komið er að orði í sjálfum stjórnarskipunarlögum. Þó var reynt að samrýma það þessum tilgangi, að hin eldri kjördæmaskipun héldist óbreytt.

Nú er nokkur reynsla komin á í þessum efnunum, og skulu hér rifjuð upp úrslitin frá síðustu kosningum árið 1937. Þá voru kosnir í kjördæmum 38 þingmenn, og reyndist atkvæðatala þeirra 5 flokka, sem fengu þingmenn kosna í kjördæmum, og tala kosinna þingmanna fyrir hvern flokk vera þessi:

	Atkvæði	Kosnir þingm.	Meðalt. á þingm.
Sjálfstæðisflokkur .....	24132	12	2011
Framsóknarflokkur .....	14556	19	766
Alþýðuflokkur .....	11084	5	2216
Kommúnistaflokkur .....	4932	1	4932
Bændaflokkur .....	3578	1	3578

Af hinum 11 uppbótarpingsætum hlaut svo Sjálfstæðisflokkurinn 5, Alþýðflokkurinn 3, Kommúnistaflokkurinn 2 og Bændaflokkurinn 1. Varð þá þingmannatala flokkanna og meðaltal atkvæða á hvern þingmann svo sem hér segir:

	Þingmenn	Meðaltal atkvæða á þingmann
Framsóknarflokkur .....	19	766
Sjálfstæðisflokkur .....	17	1419
Alþýðflokkur .....	8	1385
Kommúnistaflokkur .....	3	1644
Bændaflokkur .....	2	1789

Ef tala uppbótarsæta hefði átt að nægja til jöfnunar milli þingflokka til „fyllsta samræmis við atkvæðatölu“, þá hefði orðið að úthluta alls 38 uppbótarsætum, eða jafnmörgum og kjördæmakosnum þingmönnum.

Af þessu er bert, að tilgangi stjórnarskipunarlaganna um „sem fyllst samræmi við atkvæðatölu“ hefur hvergi nærri verið náð. Þegar fram kemur allt að helmings munur á þingmannafjölda og atkvæðatölu, verður ekki komið hjá að breyta kosningaskipulaginu svo, að horfi til meiri jöfnunar.

En þá er þrennt til:

1. Að taka upp stór kjördæmi, þar sem alls staðar sé viðhöfð hlutfallskosning;
2. að hafa uppbótarpingsæti ótakmörkuð, eða
3. að byggja á núverandi kjördæmaskipun að mestu og láta haldast núverandi uppbótarsætafjölda óbreyttan, og gera aðrar breytingar, sem horfa til jöfnunar.

Það er hin síðasta leiðin, sem farin er í þessu frumvarpi. En þar er lagt til:

1. Að hafa hlutfallskosningu í öllum kjördæmum, þar sem kosnir eru fleiri en einn þingmaður. Miðað við atkvæðatölur við síðustu kosningar mundi hlutfallskosning í tvímenningskjördæmum hafa nægt til að jafna þingmannatölu og atkvæðamagn flokka.

2. Að fjölga þingmönnum í Reykjavík um tvo. Miðar það í áttina til að tryggja jöfnuð, því þar er hlutbundin kosning. Verður ekki skemmra farið um fjölgun þingmanna í Reykjavík, þegar litið er til mannfjölda, en það, sem á vantar, bætist upp af þátttöku Reykjavíkurkjósenda í uppbótarsætum, ef þau nægja til jöfnunar, eins og líklegt er eftir þessum tillögum.

3. Að allir aðrir kaupstaðir verði einmenningskjördæmi. Ný kjördæmi verða þá þrjú: Siglufjörður, Akranes og Norðfjörður. Má gera ráð fyrir, að það miði einnig til jöfnunar, og réttmætt að taka upp ný kjördæmi, þar sem gætir öflugra útgerðarhagsmuna. Sá atvinnuvegur er nú afskiptur, þegar litið er á kjördæmaskipunina í heild. Það er og gömul og góð regla, að lögsagnarumdæmi séu sér um þingmann. Með því að fjölga þingmönnum í Reykjavík um tvo og í öðrum kaupstöðum um þrjá, getur þingmannatalan komið upp í 54, úr 49, sem nú er. En þó er ekki víst, að svo verði, ef jöfnuður næst með færri en 11 uppbótarsætum. En ekki er óeðlilegt, að þingmönnum fjölgi nokkuð; það er afleiðing af því að varðveita sem mest af hinnu gömlu skipun, um leið og leiðrétt er það misrétti, sem upp hefur komið við breyttar aðstæður. Það er samfelld saga Alþingis frá því að þingmenn voru 36.

4. Að flokkum sé skylt að hafa landslista, og taki menn sæti á þingi eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að kosningu lokinni, þ. e. a. s. þegar fram eru komnar breytingar kjósenda á röðun. Telja flutningsmenn óþarft, að þeir, sem eru á landslista, þurfi að vera í framboði í kjördæmi, og vilja fella niður hinar flóknu reglur um röðun frambjóðenda, sem nú gilda. En ekki er þetta stórt atriði.

Það leiðir af sjálfu sér, að flutningsmenn eru fúsir til samninga um einstök atriði, ef það tryggir framgang málsins. Það koma fleiri leiðir til greina, sem stefna að þessu marki: að jafna atkvæðisrétt þegnanna og skapa jafnvægi milli flokka á þingi. Fyrir þá, sem stefna að því marki, ætti samkomulag að geta náðst um einstök atriði. Hér er stefnt að því að endurbæta skipulag lýðræðisins í okkar landi. Einstaklingarnir og réttur þeirra er undirstaða þess, og þingið á að vera rétt mynd af þjóðinni.